



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 2. nóvember 2017 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Forsendur fjárhagsáætlunar 2018

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra um helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2018 þar sem m.a. kom fram:

- Álagning útsvars verði óbreytt frá yfirstandandi ári 14,52% en útsvarstekjur vaxi um 1% milli ára.
- Yfirlit um álagningu fasteignagjalda 2013-2017 og samantekt um heimildir til álagningar.
- Yfirlit um heildarframlög Jöfnunarsjóðs sl. 10 ár.
- Almennt verði miðað við 2,7% verðlagshækkunar.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi forsendur og undirbúning og gerð fjárhagsáætlunar almennt. Málið var til kynningar og vísað til frekari umræðu um fjárhagsáætlunina.

2. Álagningastuðlar útsvars og fasteignagjalda 2018

Fyrir fundinum lá tillaga að álagningastuðlum útsvars og fasteignagjalda sem sveitarstjórn ræddi. Niðurstaða umræðunnar var að fela sveitarstjóra að láta gera áætlunarálagningu á forsendum tillögunnar og leggja fyrir sveitarstjórn. Málinu að öðru leyti vísað umfjöllunar fjárhagsáætlunar.

3. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Fyrir fundinum lá umsókn um námsvist fyrir einn nemanda sem sækir grunnskólanám í öðru sveitarfélagi. Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir ástæðum og aðstæðum.

Sveitarstjóra og oddvita var falið að ræða við viðkomandi sveitarfélag um fyrirkomulag og kostnað.

4. Lífeyrisskuldbinding hjúkrunarheimila

Svohljóðandi bókun var samþykkt:

Samkomulag var gert 28. október 2016 milli fjármálaráðherra annarsvegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar um yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila sem voru rekin á ábyrgð sveitarfélaga. Fyrir fundinum lá samantekt frá Talnakönnun þar sem tekin er saman lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna Sæborgar sem voru í B- deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og skráðir sem skuldbinding Sveitarfélagsins Skagastrandar 31. maí 2017. Skuldbindingin nemur 9.347.321 kr. þar af er hlutur hjúkrunarheimilisins 3% af framangreindri upphæð, 280.420 kr. Sveitarstjórn tók málið fyrir á fundi 26. janúar 2017 en þá var áfallin skuldbinding miðuð við 31. desember 2015. Vegna breyttrar viðmiðunardagsetningar er málið tekið fyrir að nýju.

Sveitarstjórn staðfesti umrædda lífeyrisskuldbindingu og að með yfirtöku ríkisins á henni verði fullnaðaruppgjör milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimilisins Sæborgar.



Sveitarstjóra falið að undirrita yfirlýsingu varðandi stöðu lífeyrisskuldbindingarinnar og staðfesta að um fullnaðaruppgjör sé að ræða vegna málsins.

5. Tónlistarskóli A-Hún

- a. Fundargerð stjórnar 10. október 2017

Fundargerðin var til kynningar.

- b. Ársreikningur 2016

Ársreikningurinn var til kynningar.

6. Málefni fatlaðra

- a) Fundur þjónustuhóps 19. september 2107

Fundargerðin var til kynningar.

- b) Ársyfirlit Málefna fatlaðs fólks á Nl. vestra 2016

Ársyfirlitið var til kynningar.

7. Bréf

- a) Skógræktarfélags Skagastrandar, dags. 27. október 2017

Með bréfinu gerir félagið tillögu til sveitarstjórnar um að rjúpnaveiði verði bönnuð innan Skógræktargirðingar í Spákonufelli.

Sveitarstjórn samþykkti að rjúpnaveiði verði bönnuð innan skógræktargirðingarinnar frá og með hausti 2018. Sveitarstjóra falið að auglýsa það með nægjanlegum fyrirvörum og skv. því sem venja er til um slíkar auglýsingar.

- a) Skógræktarfélags Skagastrandar, dags. 28. september 2017

Með bréfinu lýsir félagið áhyggjum sínum af litlu sem engu viðhaldi skógræktargirðingar í Spákonufelli og bendir á að þær þúsundir trjáplantna sem hafa verið gróðursettar innan girðingarinnar þoli illa ágang búfjár. Því er beint til sveitarfélagsins að láta gera við girðinguna sem allra fyrst. Sveitarstjóri upplýsti að verktaki sem fenginn var til verksins í sumar hafi sökum mikilla verkefna ekki getað sinnt því en samið hafi verið við hann að ganga í verkið strax næsta vor. Bréfið var til kynningar.

- b) Foreldrafélags Barnabóls, dags. 25. október 2017

Með bréfinu er óskað eftir samstarfi um uppbyggingu leiktækja á skólalóðinni.

Efni bréfsins var vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

- c) Flugklasans Air 66N, dags. 25. október 2017

Með bréfinu minnir Flugklasinn á bréf sem sent var 29. mars 2017 þar sem óskað er eftir fjármögnun á starfi verkefnastjóra. Meðfylgjandi bréfunum var kynningarefni um Flugklasann Air 66N. Efni bréfsins var vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2018.

- d) Stígamóta, dags. 15. október 2017

Með bréfinu er starfsemi Stígamót kynnt og óskað eftir stuðningi við rekstur samtakanna.



Efni bréfsins var vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2018.

e) Farskóla Norðurlands vestra, dags. 19. október 2017

Farskólinn þakkar gott samstarf á liðnum árum og greint frá því að aðalfundur Farskólans hafi lagt til að vildargjöld sveitarfélagsins að upphæði 95 þús. kr. verði óbreytt á árinu 2018. Samþykkt.

f) Verkefnahópsins; Fullveldi Íslands 1918, dags. 16. október 2017

Verkefnahópurinn greinir frá því í bréfinu að aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands verði fagnað á næsta ári og gaf umsóknarfrest til 22. október vegna verkefna í tilefni afmælisins. Málið var til kynningar.

8. Fundargerðir:

a. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 19.10.2017

Fundargerðin var til kynningar

b. Skólanefndar FNV, 13.09.2017

Fundargerðin var til kynningar.

c. Stjórnar Norðurár bs, 21.08.2017

Fundargerðin var til kynningar.

d. Stjórnar Norðurár bs, 5.09.2017

Fundargerðin var til kynningar.

e. Stjórnar SSNV, 19.10.2017

Fundargerðin var til kynningar.

f. Sameiningarnefndar A-Hún, 31.10.2017

Fundargerðin var til kynningar.

9. Önnur mál

a. Umræður urðu um endurnýjun heimasíðu sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að leggja áætlun um kostnað og verktíma fyrir næsta fund.

b. Sveitarstjóri greindi frá því að ein umsókn hafi borist um starf í bókasafni. Ráðningu sé ekki lokið.

c. Umræður urðu um íbúafund og ákveðið að boða til hans fimmtudaginn 23. nóvember nk.



Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.10

Adolf H. Berndsen

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson